

Minnisblað

Til: Bæjarstjórn
Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir
Dags. 13. desember 2017
Mnr. 2013020002



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - greiðslur til bæjarfulltrúa og nefndarmanna.

Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á greiðslum til bæjarfulltrúa og nefndarmanna fyrir störf sín fyrir sveitarfélagið.

Greiðslur til bæjarfulltrúa fyrir setu á fundum hækki sem samsvarar launavísitölu frá 1. júní 2016 til 1. október 2017 eða 8,5% hækkun. Fastar greiðslur til bæjarfulltrúa á mánuði hækki um 23,5%.

Enn fremur er lagt til að greiðslur til bæjarfulltrúa verði ekki lengur tengdar þingfararkaupi. Greiðslur verði miðaðar við fasta fjárhæð sem skuli endurreiknuð 1. janúar ár hvert, fyrst 1. janúar 2019, í samræmi við launavísitölu. Launavísitalan í október 2017, 630,7, skal notað sem grunngildi útreikninganna.